

**66. þing
Sundsambands Íslands
Haldið í húsakynnum SÁÁ Efstaleiti 7
29. mars 2025**

Þingskjal nr: 2025 – 12

Tillaga frá Ármanni fyrir sundþing 2025 til umræðu og ályktunar:

Við hjá Ármanni viljum að það verði tekið til umræðu á Sundþingi um hvað er hægt að gera til að minnka brottfall úr sundi, sérstaklega hjá yngri iðkendum. Við erum ekki með sérstakar tillögur um lausnir, heldur viljum við hafa opna umræðu, en m.a. má ræða hvort það eigi að endurhugsa AMÍ/Íslandsmót með tilliti til yngsta aldursflokks, og hvað hreyfingin getur gert (og þá líka með öðrum íþróttum) til að tryggja að iðkendur finni ekki fyrir þörf eða pressu á að fara í snemmbæra sérhæfingu og geti haldið sig í fleiri en einni íþrótt.